

## Íþróttá- og tómslundafulltrúi

Ungmennasamband Dalamanna og Norður Breiðfirðinga (UDN) auglýsir eftir íþróttá- og tómslundafulltrúa.

Leitað er að öflugum einstaklingi sem er tilbúinn til að stýra metnaðarfullu og lifandi starfi. Starfshlutfall er 80% auk fastrar yfirvinnu.

Helstu verkefni eru

- framkvæmdastjórn UDN
- að samþætta og efla íþróttá- og tómslundastarf í Dalabyggð og stuðla að samfelli í skóla, íþróttá- og félagsstarfi barna í sveitarfélaginu
- umsjón með vinnuskóla og félagsmiðstöð og aðstoð við ungmennaráð Dalabyggðar
- skipulag og verkefnastjórn í ýmsum málum sem til falla, t.d. forvarnamál, átaksverkefni og hátíðir

Hæfniskröfur eru

- menntun sem nýtist í starfi
- reynsla og þekking á íþróttá- og æskulýðsmálum
- góð framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum
- framsýni og metnaður í starfi
- almenn tölvukunnátta

Gert er ráð fyrir að starfsmaðurinn komi til með að búa í Dalabyggð og hann þarf að hafa hreint sakavottorð.

Starfstöð verður á skrifstofu Dalabyggðar.

Umsókn skal senda til:

Ungmennasamband Dalamanna og Norður Breiðfirðinga

Heiðrún Sandra Grettisdóttir, Hofakri, 371 Búðardal


Fyrirspurnir má senda á netfangið [udn@udn.is](mailto:udn@udn.is)

Umsóknarfrestur er til og með 7. janúar 2016 og æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.



# DALAPÓSTURINN

14. tölublað, 8. árgangur  
21. desember 2015



**Sveitarstjórn Dalabyggðar**

**óskar íbúum Dalabyggðar**

**gleðilegra jóla og**

**farsæls komandi árs.**

## Áramótabrennur

Árleg brenna í Búðardal verður á gamla fótboltavellinum. Kveikt verður í brennunni kl. 20:30.

Brennan í Saurbænum verður að þessu sinni í landi Bjarnastaða í Staðarhólsdal. Kveikt verður í brennunni um miðnætti.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

## Gjaldskrár 2016

Flest gjöld sveitarfélagsins hækka um 2%, en það er hækkun neysluverðsvísitölu milli 2014 og 2015.

Mötuneytis-, leikskóla- og tónlistarskólagjöld í Auðarskóla hækka um 2%. Að öðru leyti er gjaldskrá skólans óbreytt.

Vist- og fæðisgjöld fyrir lengda viðveru hækka um 2%.

Niðurgreiðslur daggjalda vegna dagvistunar á einkaheimilum hækka um 2%.

Sorpgjaldi verður skipt í tvennt, sorphirðugjald og sorpeyðingargjald. Gjaldið hækkar um 14,2% og er Dalabyggð þá nálægt meðaltali sveitarfélaga með 300-1000 íbúa.

Gjaldskrá fyrir móttöku úrgangs á endurvinnslustöð hækkar um 2%.

Gjaldskrá fyrir Silfurtún hækkar um 2% og bætt er við gjaldi fyrir hádegismat fyrir eldri borgara og öryrkja í Dalabyggð.

Stofngjöld fráveitu og rotþróargjöld hækka um 2%.

Fráveitugjald fylgir fasteignamati.

Aðrar gjaldskrár verða óbreyttar frá 2015.

## Hækkun fasteignagjalda á heimagistingu

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum að íbúðarhúsnæði sem nýtt er til ferðapjónustu fari úr gjaldflokk A í gjaldflokk C frá og með áramótum 2016.

## Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar verður lokuð á aðfangadag og gamlársgang.

## Húsaleigubætur 2016

Leigjendur geta átt rétt á húsaleigubótum skv. lögum nr. 138/1997 um húsaleigubætur.

Umsóknir um húsaleigubætur þurfa að berast skrifstofu Dalabyggðar fyrir **18. janúar 2016**. Berist umsókn síðar verða húsaleigubætur ekki greiddar vegna þess mánaðar.

Upplýsingar um húsaleigubætur og umsóknarblöð eru á heimasíðu Dalabyggðar og á skrifstofu sveitarfélagsins.

Með umsókn skulu fylgja frumrit þinglýsts húsaleigusamnings, íbúavottorð frá þjóðskrá, staðfest afrit skattframtals síðasta árs, launaseðlar þeirra er búa í íbúðinni fyrir síðustu þrjá mánuði eða upplýsingar um reiknað endurgjald og staðfesting skóla um nám barna.

## Sælingsdalslaug

Sælingsdalslaug er lokuð frá 19. desember og opnar aftur eftir jólaleyfi þriðjudaginn 5. janúar.

Opnunartímar verða

þriðjudaga kl. 15:30-20

miðvikudaga kl. 18-22

fimmtudaga kl. kl. 16-18.

Áhugasamir sundgestir geta haft samband á dagvinnutíma Ungmennabúðanna kl. 9-17 í síma 778 2660. Einnig er möguleiki að hafa samband um helgar við sérstök tilfelli.

## Byggðasafn Dalamanna - sögustundir

Sunnudaginn 27. desember verður næsta sögustund á safninu. Þá verða álfar og annað tengt áramótum á dagskrá.

Allir eru velkomnir, aðgangseyrir er 500 kr og kaffi á könnunni fyrir þá sem það vilja.

## Skólustjóri Auðarskóla

Staða skólustjóra við Auðarskóla í Búðardal er laus til umsóknar. Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn til að viðhalda og byggja upp öflugt skólasamfélag af metnaði og dugnaði með virðingu og ánægju að leiðarljósi.

Markmið og verkefni

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri skólans
- Fagleg forysta skólastofnunarinnar
- Stuðla að framþróun skólastarfsins
- Ráðningar og mannauðsstjórnun

Menntun, færni og eiginleikar

- Kennaramenntun á grunnskóla- og/eða leikskólastigi er skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og uppeldis- og kennslufræða æskileg
- Reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum skilyrði
- Reynsla og þekking á rekstri tónlistarskóla æskileg
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Frumkvæði, metnaður, samskiptahæfni og leiðtogahæfileikar

Upplýsingar veita:

Sveinn Pálsson, sími 430 4700, netfang sveitarstjóri@dalir.is

Geirlaug Jóhannsdóttir, netfang geirlaug@hagvangur.is

Leifur Geir Hafsteinsson, netfang leifurgeir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar nk.

## Fjárhagsáætlun Dalabyggðar 2016-2019

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árin 2016-2019 var samþykkt á fundi sveitarstjórnar 15. desember.

Álagningarhlutfall útsvars á árinu 2016 verður jafnt lögbundnu hámarki eins og það er á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að lögbundið hámark verði 14,52% frá 1. janúar 2016 samkvæmt nýgerðu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga til fjármögnunar þjónustu við fatlað fólk.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts og lóðarleiga verður óbreytt frá árinu 2015. Viðmiðunarupphæðir vegna afsláttar aldrea (af fasteignaskatti og holræsagjaldi) hækkar um 7,9% samkvæmt breytingu á launavísitölu.

Gert er ráð fyrir sölu eigna á árinu 2017 og umtalsverðum nýfjárfestingum á árunum 2017 og 2018. Í þessu felst að stefnt er að sölu á Laugum í Sælingsdal og uppbyggingu ípróttamannvirkja við Auðarskóla.

Á árinu 2016 er gert ráð fyrir að heildartekjur A- og B- hluta sveitarsjóðs verði um 770 milljónir kr., en heildargjöld án fjármagnsliða um 747 milljónir kr. Fjármagnsliðir verða neikvæðir um 19 milljónir kr. og rekstrarniðurstaða samstæðu því jákvæð um tæpar 4 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að fjárfesta fyrir um 31 milljónir kr. árið 2016 og að ný lántaka verði allt að 25 milljónir kr. Gert er ráð fyrir að hefja endurnýjun húsnæðis grunnskóla og minni framkvæmdum á lóð leikskóla, í Dalabúð, Tjarnarlundi, Leifsbúð, vatnsveitu og fráveitukerfi.

Sótt verður um framlag í Framkvæmdasjóð aldrea til að halda áfram endurbótum á Silfurtúni. Þá þarf að greina húsnæðisþörf Silfurtúns til næstu framtíðar.

## Lýsing á deiliskipulagstillögu í Ólafsdal

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fund sínum þann 17. október að auglýsa lýsingu á nýrri deiliskipulagstillögu skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lýsing deiliskipulagstillögu felur í sér eftirfarandi:

Ólafsdalur í Gilsfirði er meðal merkustu sögu-, menningar- og minjastaða á Vesturlandi við Breiðafjörð. Viðfangsefni deiliskipulagsins er endurreisn og verndun bygginga og menningarlandslags í Ólafsdal. Miðað er við að öll húsini verði í framtíðinni nýtt til þjónustu ferðamanna. Með endurbyggingu og endurgerð húsanna í Ólafsdal yrði menningar- og sögutengd ferðaþjónusta við Breiðafjörð styrkt til muna. Könnun verður gerð á jarðhita í Ólafsdal með það í huga að nýta hann til hitunar á húsunum.

Megin markmið deiliskipulagsins er að stuðla að varðveislu þeirra merku menningarheildar sem felst í sögu og tilvist Ólafsdals.

- að endurbyggja þau hús og mannvirki sem uppi standa og sem áður stóðu og tengdust rekstri og sögu skólans.
- að vernda og halda til haga jarðræktarsögu.
- að vernda nátturlegt gróðurfar og stuðla að uppgræðslu sem hæfir nátturufari og sögu staðarins.

Lýsingin er birt á heimasíðu Dalabyggðar dalir.is, Skessuhorni, Bæjarins Besta og einnig á skrifstofu Dalabyggðar Miðbraut 11, 370 Búðardal. Upplýsingar eru einnig veittar hjá skipulagsfulltrúa Dalabyggðar á sama stað.

Ábendingum við lýsingu skal skila skriflega til skipulags og byggingarfulltrúa Miðbraut 11, Búðardal á netfangið bogi@dalir.is eigi síðar en 31. desember 2015.

## Lýsing á deiliskipulagstillögu á Laugum

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fund sínum þann 15. desember að auglýsa lýsingu á nýrri deiliskipulagstillögu skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Laugar í Sælingsdal er fornfrægur sögustaður sem hefur upp á að bjóða fjölbreytt náttúrufar og landslag til náttúruskoðunar og útivistar. Jarðhiti er nýttur á svæðinu til húshitunar og til heilsuræktar. Laugar eru um 50 ha að stærð og eru að stærstum hluta í sameign Dalabyggðar og einkaðila.

Helstu markmið með gerð deiliskipulags fyrir svæðið er:

- að efla Laugasvæðið sem almennan ferðamannastað með því að skapa möguleika á aukinni starfsemi og uppbyggingu á svæðinu.
- að skapa möguleika á áhugaverðri frístundabyggð sem fellur sem best að umhverfinu.
- að valda sem allra minnstri röskun á náttúrulegu umhverfi.
- að skapa sem besta aðstöðu til almennrar útivistar og náttúruskoðunar.
- að auka fjölbreytileika á svæðinu, bæði í þjónustu og umhverfi.

Lýsingin er birt á heimasíðu Dalabyggðar, Skessuhorni og á skrifstofu Dalabyggðar Miðbraut 11, 370 Búðardal. Upplýsingar eru einnig veittar hjá skipulagsfulltrúa Dalabyggðar á sama stað.

Ábendingum við lýsingu skal skila skriflega til skipulags og byggingarfulltrúa Miðbraut 11, Búðardal á netfangið bogi@dalir.is eigi síðar en 31. janúar 2016.